

Skógrækt Ríkisins
Selfossi.

Starfsskýrsla fyrir árið 1977.
Suðurlandsumdæmi
Garðar Jónsson.

I. Veðurfar Ársins.

Veturinn frá áramótum var þurr og nokkuð kaldur, úrkoma lítil og snjó festi aldrei á jörðu. Klaki fór djúpt í jörðu og varð til tafar er vorstörf hófust. Vorið var hagstætt, en nýttist ekki sem skildi vegna klaka í jörðu. Sumarið var gott ef miðað er við tvö undanfarandi sumur, er voru sérstaklega úrkomusöm. Haustið og veturinn til áramóta var ágætt, nokkurn snjó setti niður af og til í nóvember og desember.

2 Vöxtur og þrif trjágróðurs.

- a. Laufgun og lauffall: Laufgun tel ég að hafi verið 15. júní en lauffall 1. október. Tré og runnar í heimagörðum voru þó laufgaðir fyrr eða um mánaðarmótin maí- júní.
- b. Ársvöxtur: Ársvöxtur á trjágróðri var í góðu meðallagi.
- c. Skaðar á trjágróðri: Birkimaðkur var mjög lítill. Sitkagrenilús gerir alltaf töluverðan usla, sérstaklega í lágsveitum og þar sem vertur eru mildir.
- d. Fræfall: Fremur lítið var af fræi á birki í Suðurlandi í haust og ennu sáfnæð. Sama er að segja um aðrar tegundir.

3. Starfsfólk á árinu 1977.

| J | F | M | A | M | J | J | A | S | O | N | D | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---------|
| 2 | 1 | 1 | 2 | 5 | 6 | 6 | 6 | 4 | 3 | 3 | 2 | Karlar. |
| | | | | 2 | 5 | 6 | 6 | 3 | 2 | 1 | | Komur. |

Smiður starfaði við byggingu nýs skála í Þjórsárdal á árið og urðu launagreiðslur til hans kr 512.500,- og í fæði kr 39.900,-.

Launagreiðslur til starfsfólks urðu annars:

| | 1977 | 1976 |
|---------|-------------|-------------|
| Laun | 5.342.572,- | 3.782.806,- |
| Sparim. | 562.600,- | 341.700,- |

Matreiðsludagar ráðskonu urðu 110 (77) og fæðisdagar 938 (831).

| | |
|-----------------------------|------------------|
| Greiddir fæðispeningar voru | 812.925,- |
| Smiður | 39.900,- |
| Laun ráðskonu | <u>721.520,-</u> |
| | 1.574.345,- |

Kostnaður pr. fæðisdag pr. mann $\frac{1.574.345}{938} = 1.678,-$

Vinnustundir á árinu urðu 8.132 (6.670) og meðaltíma-kaup ásamt fæði kr 742,-

Á mánuði skiptast launagreiðslur þannig:

| | | |
|-----------|-----------|-----------|
| Jan - Maí | 392.440 | 110.978 |
| júní | 1.091.131 | 167.120 |
| júlí | 1.530.515 | 1.055.683 |
| ágúst | 1.178.927 | 881.074 |
| sept. | 660.322 | 235.233 |
| okt- des. | 867.860 | 620.694 |

Unnar voru að jafnaði 40 stundir í dagvinnu og 10 í eftirvinnu. Naturvinna var helst greidd í sambandi við Hallormstaðaferðir vörubílsins og við Þórsmerkurferðir.

4. a. Nýjar girðingar.

Ekkert var girt nýtt á árinu utan smá kafla í Þjórsárdalsgirðingu. 300 metra langur kafli var girtur í áframhaldi af kafla sem girtur var í fyrra norðan Skriðufells. Vantar nú um 2km. á að girðingin nái austur í Sandá og er meiningin að reyna ða girða það 1978. Einnig var girt í Blakkdal og girðingunni breitt þar svolítið vegna vatnagangs á gamla girðingarstöðinu. Endurbeta þarf girðinguna norður af Blakkdal á komandi árum..

b. Viðhald girðinga.

Viðhaldinu var líkt háttað og undanfarin ár. Hresstur var við 200 metra langur kafli í Hvannárgljúfri í Þórsmörk. Virðist nokkurn vegin sama hvað gert er í Þórsmörk, alltaf er þar fullt af fé. Fer all mikið fé inn í girðinguna við Krossá og undir Valahnjúk, og virðist helst til ráða að ýta garð sunnan Krossár og reyna að veita henni að rötum Valahnjúks til að stöðva þetta innstreymi. Skálavörður í Þórsmörk kvaðst oft hafa séð fé koma yfir Krossá þarna og er hún þó oft ekki árennileg.

- Endurnýja þarf kafla í Laugarvatnsgirðingu (Norðurkantur) ca 250 metra. Líklegt er að Laugarvatnsgirðing verði okkur nokkuð þung í skauti, því að uppi á Laugarvatnsfjalli eru kaflar sem virðast ætla að standa illa vegna snjóa, og erfitt er um aðdrætti girðingarefnis, þar sem ekki er bílfært með góðu móti upp á fjallið.

- Í Haukadal sá Greipur Sigurðsson um viðhald eins og venjulega. Þar er það aðeins vesturkantur girðingarinnar sem er haldið við því landgræðsluhólf er norðan og austan og Tungufljót að sunnan. Einnig hefur Sigurður Greipsson beitarhólf fyrir austan land Skógræktarinnar og er utan um það all góð girðing.

- Beitarhólfíð í Skarfanesi er nánast ónýtt enda girðingin gömul og sumstaðar ekki nema 4 strengja. Er því oftast slangur af fé í friðaða landinu í Skarfanesi. Þyrfti að fara að endurskoða þessi beitarréttindi einlum vegna þess

að beitarhólfið nær yfir land sem kemur til álita undir plæingar.

- Þjórsárdalsgirðing heldur all vel enda stórir hlutar hennar nýir eða nýlegir. Girðing sú er Gnúpverjarirtu 1976 sparar okkur geysilegt viðhald og kostnað við gömlu girðinguna í Þórsárdal, Þórsöldu og Hólaskógi.

Breita þarf girðingarenda í við Þjórsá austur á Hafi og að öllum líkindum að girða eina 600 metra upp með ánni til að komast að henni á góðum stað og einnig að færa ristarlið.

5. Gróðursætning.

Haukadalur: Gróðursett var í hluta af plógstrengjunum sem plögðir voru 1976. Gekk það all vel og plantað í akkorði. Borgaðar voru kr 11,- fyrir hverja greniplöntu og kr 10,- fyrir hverja furuplöntu. Einn vankantur er á plöntun í plógstrengina og hann er sá að strengirnir liggja heldur illa og sums staðar standa þeir upp á rönd þannig að næstum ógerlegt er að planta í þá. Þyrfti að fara með beltavél yfir þá og pressa niður.

- Í Þjórsárdal var að mestu leiti um endurplöntun í gömul rauðgrenistykki að ræða. Mest var plantað í Selhöfðum. Rauðgrenið hefur nokkuð týnt tölunni, bæði af náttúrunnar völdum og manna (jólátré) og sýnt þykir að það eigi ekki mikla framtíð fyrir sér í Þjórsárdal. Meiningin er því að planta Stafafuru, Lerki og Sitkagreni í þess stað, en nýta rauðgrenið í jólátré.

- Sitkagreniplöntun í Hagafjalli 1976 fór mjög illa veturinn 76-77 vegna þurrka og snjóleysis og verður líklega lengi að ná sér. Þyrfti að reyna að koma skjólbelum eða grindum í hlíðina til að kljúfa mesta vindinn, því þarna er bersvæði og ævinlega strýkur þarna með fjallinu.

Gróðursetning S.R. 1978

Haukadalur

| | | | | |
|------------|---------|-----|-------|---------------------------------------|
| Sitkagreni | Cordova | 2/3 | B 779 | 9.000 v 7020, 7021, 7023, 7024, 7025. |
| Stafafura | Skagway | | B 855 | 5.000 v 7020, 7022, 7026. |
| Stafafura | Haines | 2/2 | B 854 | <u>2.250</u> v 7024. |
| | | | | 16.250 v |

Þjórsárdalur

| | | | | |
|------------|-----------|-----|-------|---|
| Broddfura | Hallorms. | 3/4 | B 744 | 400 v 3207 |
| Bergfura | Pýr. | 2/0 | B 744 | 500 v 2310 |
| Stafafura | Haines | 2/0 | B 908 | 1.000 v 2815 |
| Stafafura | Skagway | 2/2 | B 855 | 16.150 v 3116, 3113, 3215, 3411, 3213 3117. |
| Stafafura | Haines | 1/0 | B 894 | 75 v 3215 |
| Síb.Lerki | Altaí | 1/0 | B 894 | 3.075 v 3320, 3316, 2206 |
| Rauðgreni | Rings | 2/3 | B 761 | 1.800 v 2916 |
| Sitkagreni | Cordova | 2/3 | B 817 | 10.000 v 3121, 3110, 3109, 3112 3111. |
| Sitkagreni | Cordova | 2/2 | B 817 | 6.750 v 1925, 2033 |
| Sitkagreni | Cordova | 2/3 | B 797 | 800 v 1925 |
| Marböll | Skagway | | | 100 v 2206 |
| Hvítgreni | Kenai | 2/2 | B 857 | <u>500</u> v 3313 |
| | | | | 41.150 v |

Þórsörk

| | | | | |
|-------|-------|-----|-------|------------------|
| Birki | Hall. | 2/2 | B 810 | 100 v Slyppugið. |
|-------|-------|-----|-------|------------------|

Alls plantað á vegum S.R. Suðurl. 57.500 plöntum.

6. Hirðing

a) Hreinsun. Í Þjórsárdal var hreinsaður teinungur með kjarrsögna á vanda, og teknir fyrir reitirnir: 3410, 3316, 3318, 3321, 3215, 3213, 3207 og að hluta reitirnir 3221 og 3121. Allir eru reitirnir í Selhöfðum. Mikið var gert en meira er þó eftir. Í Ásólfstaðaskógi var klippt frá í reitum 2233 og 2238, með handklippum, vegna þess hversu bratt þarna er. Í öðrum skóglendum var ekki hreinsað í ár.

b) Áburðargjöf: Í jólatrésreitum var borinn á kjarni 20 - 40 gr pr. plöntu og teknir fyrir reitirnir 2916 og 2917 í Lambahöfðastykkinu. Jólatrésraktin lærast smátt og smátt og áburðargjöfin einnig og verða trén fallelgri með hverju árinu sem líður.

- Borið var á elsta rauðgrenið í Þ.dal (3321) í ágúst, til að reyna að rétta svolítið úr því. Trén í þeim reit eru hálf tusku-
leg og vaxa lítið, enda urðu þau fyrir nokkru áfalli í Heklu-
gosi 1971 og hafa varla náð sér síðan.

- Þá var einnig borið á sitkagreni í reit 3415 og tóku trén vel við lit en ekki varð áberandi meiri lengdarvöxtur.

c) Grisjun: Á árinu 1977 var græsjað í Stórhólshlíð í Ásólfstaðaskógi um 2 ha stórt stykki og var það eina nýgrisjunin á árinu. Síðan voru sagaðar upp eldri rásir inni í Selhöfðum, þar sem rauðgreni er í, og meiningin að planta þar Sitkagreni eða lerki, en taka rauðgrenið smátt og smátt út sem jólatré. Til eru um 2 ha grisjaðir og tilbúnir fyrir plöntu-
öntur 1978.

7 Vegagerð:

Töluvert var unnið við viðhald vegna á árinu. Reyptur var vörubíll af Mjólkurbúi Flóamanna, trukkur mikill með framhjóladrifi. Erum við nú loksins útbúnir þannig sem þarf, því nú er í fyrsta skipti hægt að komast á vörubíl um flesta vegi og brautir í skóginum. Þess vegna voru í sumar grúsæðir vegir þar sem aldrei hefur komið sandkorn áður.

- Lagður var nýr vegur í Þjórsárdal fram hjá bænum að Ásólfstöðum, að fjósabaki og upp fyrir svonefndan Sandhól og upp að Búnaðarbanka bústöðunum. Var þetta gert vegna tímála Ásólfstaðabónda, enda honum farin að leiðast virðingarleysi bankamanna við kýr sínar.

Nýr vegur var lagður í Haukadal, frá Tungufljótsbrú og austur í plæingarnar á Bryggjulækjarmýri. Þarf að vísu ann að beta um betur og lengja brautina.

- Þá voru ruddir niður skurðruðningar í plögðu stykkjuhynni á Bryggjulækjarmýri og Hrísmýri. Etlunin er að nota ruðningana til að keyra eftir og er þá komið þéttriðið vegnet um alla plógstrengina og þægilegt að vinna þar. Ennþá vantar nokkur rasi, en úr því verður bätt.

8 Framræsla:

Ekkert var unnið við framræslu á árinu utan smá skurðstubbur var grafinn með vegi upp í Hvammsárdal.

Við athugun á plógstrengjunum í Haukadal kemur það í ljós að full þett er plögt oft á tíðum og einkanlega þar sem g tvískerinn er notatur. Á veðurhörðum stöðum eins og Haukadalur er, er full ástæða til að nota plógveltuna til skjóls, en ekki til að planta ofan á, og þá þurfa að vera 3 metrar milli velta og einir 4 metrar milli plógfara. Í Haukadal var notað millibilið 2,5 - 3 metrar, sem er ágætt í því tilfelli að plantað sé ofan á veltuna. Nokkuð vildi brenna við við plæinguna í Haukadal að veltan leggjðist ekki rétt og standi upp á rönd og alla vegna. Er nú annað tveggja til ráða að mínu áliti, annars vegar að fara með eitthvað beltataki yfir velturnar og pressa þær niður og planta síðan ofan á veltuna, eða hins vegar að láta veltuna vera eins og hún er og planta á hlið við hana í óhreyfða jörð. Veltan er þá notuð til skjóls. Í fyrra tilfellinginu mæðir vindur mikið á plöntunum og veldur sköðum en í seinna tilfellinginu er það helzt vorfrost sem gæti grandað

plöntunum, eða jafnveit haustfrost. Einnig er það mínusfaktor að plönturnar standa í óhreifðri jörð. Niðurstaðan af öllu þessu verður líklega sú, að best sé að planta ofan á niðurpressaða veltu, þó vindur gnauði þar nokkru meira.

9. Ymislegt

a) Jólatré: Jólatrjáahögg hófst 8 nóvember og var lokið 18 nóvember. Unnu þrír menn við höggið lengst af og hjuggu 1500 tré í stærðunum 0,70 - 4.00metrar. Voru trén með fall-egasta móti í ár, enda viðraði vel á þau, rakt og ekki kalt.

b) Ferðafólk: Í þórsmörk sá María Olsen um rúkkun tjaldgjalda og hreinsun í Húsadal og Básun. Var mikið af fólki í Þórsmörk í sumar sem og endranar, oft um 2þús manns yfir helgarnar, en minna og stundum fátt í miðri viku.

- Í Þjórsárdal sá Asólfur Pálsson um rúkkun og hreinsun. Nokkuð var ónæðissamt á tjaldsvæðinu í sumar og var t.d. tvisvar brotist inn í skúr í Klofási og þaðan stolið. Hugmyndin er því að flytja tjaldsvæðin inn á Innri Sandártungu og loka svæðunum við Hvammsá. Leggja verður vatn í Tunguna og koma þar fyrir kómrum og ruslakössum og skapa viðunandi aðstöðu fyrir ferðafólk. Þá er um leið komin grundvöllur fyrir hækkun tjaldgjalda.

Selfoni þs. 31/12 - 1977
Gardar Jónsson

Verkfæratatning 13 janúar 1977.

- 1 Land Rover torfærubifreið x - 139 árg 1974
- 1 Mercedes Bens vörubifreið X - 2395 árg 1970
- 1 Jarðýta T.D.6 (gömul) (Staðsett á Mögilsá)
- 1 Dráttarvél Ferguson (samall)
- 1 Hjólhýsi (4 manna) keypt 1975
- 2 Jeppakerrur (Sú nýrri smíðuð 1975)
- 2 Kjarrsagir Husqvarna árgerð 1975
- 1 Kjarrsög Jobu árg 1973 léleg.
- 1 Kjarrsög Jobu árg 1976.
- 2 Kjarrsagir Jobu ónothæfar (safngripir) Tver slíkar sendar að Hallormstað 1976, í varahluti.

Nauðsynleg öryggisteki vegna kjarrsaga, heyrnarhlífar ofl.

- 6 Kjarrsagarblöð karbit.
- 1 Öxi lítil
- 18 Sniðlar
- 27 Bjúgskóflur
- 19 Plöntupokar
- 3 Plönturör
- 5 Brettahankar fyrir kopparforsbakka.
- 6 Plöntuhakar
- 15 Skógarklippur 7 Litlar og 8 Stórar
- 2 Skógarklippur (Djöflakjafar)
- 1 Stunguskófla
- 3 Malarskóflur
- 2 Járnkárlar
- 5 Sleggjur (stórar og smáar).
- 2 Keðjustrekkjarar (Yale) og 2 virkjarar á þá.
- 4 Handstrekkjarar (þ.aþ einn hjá Bjarna í Þykkvabæ, Landbr.).
- 5 Hamrar
- 4 Naglbítar
- 2 Bogasagir
- 3 Hrífur
- 1 Sáníngarkanna
- 1 Kvísl
- 3 Gaslampar, 2 eldunarhausar, 2 garstengi, 1 gasofn og
- 2 Gaseldavélar önnur í Þ.dal og hin í H.dal.

- 1 Bakpoki
- 1 Bakgrind
- 1 Toppaklippur
- 2 Áburðardreifingarar (Bornir á baki).
- 1 Keðjusög Mc Culloc árgerð 1974.
- 1 Rafsuðuvél árgerð 1977 Micatronic Hobby.
- 1 Rafmagnshitablásari.
- 1. Gasbrennslustútur og hetta á gaskút.
 Ýmis verkfæri á verkstæði (Lyklar ofl.).
- 1 Staurabor Atlas Copo Copra. Að hálfu eign á móti Skorraðal.
- 17 Stikur.
- 1 Rafmagnseldavél. (þ.dal).
- 1 Kæliskápur og 1 Frystiskápur (þ.dal).

Kontoráhöld:

- 1 Reiknivél - Handknúin - Odhner.
- 1 Reiknivél - Rafdrifin - Olivetti.
- 1 Vasatölva.
- 1 Skjalaskápur
- 2 Skrifborð.

Matar og elduraráhöld í Þjórsárdal fyrir 10 manns sem endurnýjað er eftir þörfum og afföllum.